



Bryndís Hlökkversdóttir,
formaður starfshóps um endurskoðun
kosningalaga

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 22. janúar 2019
Tilvísun: UTN19010086/03.G.002
StSi/bt

Ráðuneytið vísar til bréfs formanns starfshóps um endurskoðun kosningalaga, dags. 19. desember 2018, þar sem greint var frá skipun starfshópsins og samráði sem hópurinn vill eiga við helstu hagsmunaaðila. Í bréfinu er gefinn kostur á því að koma athugasemdum á framfæri nú á fyrstu stigum vinnunnar og sérstaklega vísað þar til hugmynda sem koma fram í skýrslu vinnuhóps um endurskoðun kosningalaga frá 2016.

Af því tilefni vill ráðuneytið taka fram að utanríkisþjónustan gegnir veigamiklu hlutverki við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar erlendis, sem skv. 1. mgr. 59. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis, fer fram í „**skrifstofu sendiráðs eða fastanefndar hjá alþjóðastofnun, í sendiráðisskrifstofu eða í skrifstofu kjörræðismanns**“. Rúmlega 40 þúsund Íslendingar búa í erlendum ríkjum þar sem Ísland starfrækir sendiráð og tæplega 5 þúsund Íslendingar búa í ríkjum þar sem ekki er rekið sendiráð. Fjöldi Íslendinga dvelur auk þess tímabundið erlendis á ári hverju, í nokkra mánuði í senn, t.d. á Suður-Spáni og Flórída. Þessi hópur íslenskra ríkisborgara, sem að mestu leyti er á kosningaaldri, reiðir sig á þjónustu sendiráða, aðalræðismanna og kjörræðismanna til að greiða atkvæði utan kjörfundar. Það er því mjög mikilvægt að framtíðarlöggjöf um kosningar endurspegli hlutverk utanríkisþjónustunnar gagnvart atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Ráðuneytið lýsir sig reiðubúið til að koma að vinnu starfshópsins með einum eða öðrum hætti og leggja sitt af mörkum í því samhengi.


Á þessum fyrstu stigum vinnu starfshópsins vill ráðuneytið koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

1. Í skýrslu vinnuhópsins frá 2016 kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir breytingum á hlutverki utanríkisþjónustunnar við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar að því undanskildu að atkvæðagreiðsla fari ekki lengur fram hjá „**fastanefndum og alþjóðastofnunum**“ (efst á bls. 76 í skýrslunni). Hér virðist vera misfarið með textann úr ákvæði 1. mgr. 59. gr. kosningalaga, en þar segir að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram „**í skrifstofu sendiráðs eða fastanefndar hjá alþjóðastofnun**“, sem er hið rétta. Á bls. 137 í skýrslunni er þetta einnig nefnt, en þar er rétt með þetta farið. Ráðuneytið vill vekja athygli starfshópsins á þessari missögn.
2. Í kafla 5.6.4.3 á bls. 156 í framangreindri skýrslu vinnuhópsins kemur fram að það þyki „**ekki samræmast hlutverki fastanefnda Íslands hjá alþjóðastofnunum** að

sjá um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslna. Í ljósi þess [sé] lagt til að ákvæði laganna um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar hjá þessum aðilum verði felld úr gildi.“ Frekari rökstuðningur kemur ekki fram í umfjöllun kaflans né verður séð að nánar sé um þetta fjallað annars staðar í skýrslunni. Ráðuneytið telur að rétt væri að undirbyggja tillögu um slíka breytingu með nánari rökstuðningi en þarna kemur fram.

3. Í skýrslunni er tillaga um að sá tími, sem samkvæmt gildandi lögum er ætlaður til atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, verði stytur og atkvæðagreiðsla hefjist síðar en nú er. Af hálfu ráðuneytisins er mikilvægt að hafa í huga í þessu sambandi að styttra tímabil til atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, getur reynst erfiðara í framkvæmd fyrir kjörræðismenn Íslands erlendis. Tímasetning kosninga á Íslandi er almennt í maí og júní. Reynslan sýnir að í sumum ríkjum er orlofstímabil hafið á þeim tíma og þá er óhægara um vik fyrir kjörræðismann að sinna þessu hlutverki, enda gera þeir það án aðstoðar annarra.
4. Að lokum vill ráðuneytið leggja til að tryggt verði við framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar að kjörræðismenn Íslands, sem margir eru ekki mælandi á íslensku, fái nauðsynlegar leiðbeiningar um framkvæmd atkvæðagreiðslu á ensku.

F.r


Sturla Sigurjónsson
ráðuneytisstjóri